

Háskóli Íslands,
Lífvísindasetur Læknadeildar
b/t Hans Tómas Björnsson
Læknagarður, Vatnsmýrarveg 16
101 Reykjavík

Reykjavík 13. júlí 2020
UST202007-058/R.K.
11.18.00

Efni: Fyrirspurn - erfðabreyttar lífverur – heimild til notkunar lentiveira til rannsókna Lífvísindaseturs að Sturlugötu 8.

Vísað er til erindis Háskóla Íslands er barst Umhverfisstofnun þann 3. júlí sl. um heimild til notkunar lentiveira í afmörkunarflokki 2 (Biosafety level 2) við rannsóknir í starfsaðstöðu Lífvísindaseturs að Sturlugötu 8.

Gildandi leyfi Háskóla Íslands fyrir afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera var undirritað þann 21. desember 2016 og gildir til 26. febrúar 2024. Þar segir í grein 1.2 að heimild leyfisins sé að vinna með örverur í afmörkunarflokki 2, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 275/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera, auk starfsemi með mæði-visnu lentiveirukerfum. Leyfið nær einnig, eftir breytingu árið 2016, til starfssemi í starfsstöð Lífvísindaseturs Háskóla Íslands að Sturlugötu 8 samkvæmt korti sem fylgdi umsókn þann 4. nóvember 2016.

Starfsemi með lentiveirur, sem tilgreind eru í fyrirspurninni, falla einnig í afmörkunarflokk 2 og hefur Umhverfisstofnun fengið staðfest frá rekstraraðila að um er að ræða sömu starfsaðstöðu.

Umhverfisstofnun hefur metið erindið og telur umrædda starfsemi með lentiveirur falla undir heimild ofangreinds leyfis Háskóla Íslands. Stofnunin telur ekki þörf á umsögnum ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur né Vinnueftirlitsins þar sem þær voru fengnar við útgáfu leyfisins árið 2014 og breytingu leyfisins árið 2016 og er ekki um að ræða breytingu á afmörkunarflokki starfseminnar.

Virðingarfyllt



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur